

TÍMARIT ÍSLENZKRA SAMVINNUFÉLAGA

RITSTJÓRI:
JÓNAS JÓNSSON FRÁ HRIFLU.

XI. AR.



Efnisyfirlit.

I.—II. hefti:

	Bls.
<i>Jónas Jónsson: Framtíðarlandið</i>	1—12
<i>Jón Gauti Pétursson: Hvernig færi</i>	13—15
<i>Jónas Jónsson: Hrossasalan.</i>	16—20
<i>Jón Dúason: Félagshyggjan III</i>	21—30
<i>Guðbrandur Magnússon: Um verzlun</i>	31—50
<i>Jón Gauti Pétursson: Ófriðarhugleiðingar.</i>	52—61
<i>Jónas Jónsson: Samvinnuskóli.</i>	62—74
<i>Olafur Friðriksson: Jafnaðarstefnan.</i>	75—80
<i>Jónas Jónsson: Enn um markaðsverð</i>	81—105
Félagsmál	104—111

III. hefti:

<i>Jón Árnason: Samvinnumál</i>	113—127
Aðalfundur Sambands ísl. samvinnufélaga 1917	128—133
Lög sambandsins	134—140
<i>Jónas Jónsson: Utan úr heimi.</i>	141—148
—»— Samvinnufél. og G. Gíslason	149—153
Félagsmál	154—160

REYKJAVÍK 1917.

ÚTGEFANDI: SAMBAND ÍSLENZKRA SAMVINNUFÉLAGA
ÍSAFOLD — ÓLAFUR BJÖRNSSON.

Samvinnufélögin og Garðar Gíslason.

I.

Allmikil breyting hefir orðið á aðstöðu kaupmanna og samvinnufélaga hér á landi síðustu missirin. Takmörk og stefna þessara tveggja aðila eru orðin ákveðnari en var. Og allur almenningur í landinu er farinn að átta sig á því, um hvað er barist.

Fyrir kaupmenn hefir styrjöldin alt til þessa tíma verið góðæri. Þeim hefir drjúgum safnast fé. Þeir hafa fundið máttinn vaxa og að dæmi erlendra kaupmanna freista þeir að mynda öflugan stéttarfélagsskap til sóknar og varnar, og til að drotna yfir almenningsálitinu með aðstoð blaðanna. Um styrjaldargróða kaupmanna fer ekki tvennum sögum. Eins og Sig. Sigurðsson alþingismaður tók réttilega fram á þingi í sumar, hafa engin vanhöld orðið í kaupmannastéttinni síðan stríðið hófst. Allir virðast þeir hafa grætt og sumir stórmikið. Flutningavandræðin hafa orðið þeim að gullæð. Hver sem átti vörur, gat selt þær undir eins og haft sjálfðæmi um verðlagið. Óttinn við yfirvofandi vöruskort knúði almenning til að kaupa, þótt dýrt væri. Fer þá sem jafnan að vex hugur er vel gengur. Þarf því engan að undra þótt kaupmannavaldið í landinu hafi magnast á síðustu árum, og að þess sjáist víða merki.

Fyrsta sýnilega sporið í þessa átt var það, er kaupmenn komu á stofn skrifstofu í Reykjavík. Fengu þeir þar til forustu Georg Ólafsson hagfræðing, fyr aðstoðarmann í Hagstofu Íslands. Þótti það góð byrjun, því að kunnugra manna álit er maðurinn líklegur til að vera þarna á réttri hillu.

Talið var að hlutverk þessarar skrifstofu ætti að vera það, að afa kaupmönnum upplýsinga um verðlag erlendis, bæði á útlendum og innlendum varningi. Hvað skrifstofa þessi getur gert eigendum meira til hagnaðar, verður ekki fjölyrt um að sinni.

Framhald í sömu átt mun mega telja það, að nú er boðað til almenns fulltrúafundar fyrir kaupmannastéttina. Gert er ráð fyrir að sá fundur komi saman í Reykjavík laust eftir miðjan september n. k. Þá mun tilætlunin að stofna einskona-landssamband milli allra kaupmanna í landinu. Án efa yrði höfuðtakmark þess félagsskapar að berjast fyrir eflingu kaupmensku á Íslandi og móti samvinnuhreyfingunni. Gæti úr því orðið skamt að biða algerðrar hringmyndunar en andláts frjálstrar samkeðni.

Þriðja atriðið eru vaxandi yfirráð kaupmanna yfir blöðum landsins, samhliða þverrandi áhrifum samvinnumannanna. Ber þar tvent til. Fyrst það, að því meiri auð sem kaupmenn safna, því minna verður þeim fyrir að eignast alldyr blaðfyrirtæki að miklu eða öllu leyti. Og þar sem þeir hafa náð eignarhaldi á blöðum, er sízt að furða þó að þau málöggn beiti sér af alefli til að gæta hagsmuna eigendanna. En stórum þýðingarmeira er þó hitt, að eftir því sem dýrtíðin gerir útgáfu blaða ördugri, því meir verða blöðin að treysta á auglýsingar. Nú eru kaupmenn mestu auglýsendur í landinu, og hafa þá skoðun, að þeir eigi ekki að auglýsa í öðrum blöðum en þeim, sem annaðhvort eru skoðunarlaus eða þá af alhuga fylgjandi kaupmannastefnunni. Verði þess vart að eitthvert blað sé samvinnumönnum fylgjandi,

hverfa því allar auglýsingar, og það kemst á vonarvöl. Um eitt blað utan Reykjavíkur er það kunnugt, að því gekk illa að fá auglýsingar um tíma, meðan alkunnur samvinnumaður var viðurkendur stuðningsmaður þess. En þegar hans misti við streymdu að auglýsingar, enda var blaðinu þá stýrt í anda hinna nýju styrktarmanna. Menn skilja að sumum gömlu samvinnumönnum fer líkt og Vigfúsi Guðmundssyni, er Ísafold lokaði dálkum sínum fyrir honum nú nýverið. Margra ára stuðningur var að vettugi virtur og eigi leyft að bera af góðkunnu samvinnufélagi hættulegar missagnir. Sízt að furða þó að þá falli beisku orðin: »Öðruvísi mér áður brá«.

Hvert sem litið er færast kaupmannavaldið í aukana. Og aukið fjármagn og vald yfir blöðunum gerir vald þetta enn hættulegra, ef ekkert mótvægi er til að hindra, að þeir samvinnuneistar, sem lifnaðir voru, kulni nú út.

Eitt merki um hinn nýja bardagaþrótt peningavaldsins er það, að einn af stórkaupmönnum landsins hefir nú í vetur staðið í stöðugum blaðadeilum við samvinnumenn. Hefir honum tekist að egna á móti sér hina yngri samvinnumenn (eigendur Timans), sem ætlast til að aldrei fari ver en svo, að *eitt* landsmála-blaðið sé til varnar samvinnunni móti öllum hinum blöðunum, og flesta hina eldri samvinnumenn, stofnendur elztu kaupfélaganna, Sláturfélags Suðurlands og Sambands íslenskra samvinnufélaga.

Með því að þessi bardagi er nokkuð einstæður í sögu samvinnuhreyfingarinnar þykir hlýða að skýra í þessu tímariti frá gangi málsins, og þeim rökum sem fram hafa komið með og móti. Reynt verður að ganga sem mest fram hjá þeim atriðum í greinum stórkaupmannsins, sem snerta einstöku menn en ekki málefnið.

Það verður að teljast upphaf þessa máls, að Guðbrandur Magnússon ritstjóri birti í *Timanum* síðastl.

vetur fimm greinarkafla samstæða um verzlunarmálið, og hefir sú grein, svo sem kunnugt er orðið, verið tekin upp í síðasta hefti þessa tímarits. Tekur hr. G. M. þar til meðferðar þær þrjár tegundir verzlunarskifta, sem um er að ræða hér á landi: Kaupmannaverzlun, kaupfélagsverzlun, landsverzlun.

Þessar voru niðurstöður í grein hans:

1. Höfuðgallinn á islenzkri verzlun séu hinir mörgu og dýru milliliðir: smákaupmenn, umboðsmenn, heildsalar. Umbætur séu erfiðar. Valdi því sinnuleysi almennings, sem alt of oft fleygi krónunni til að spara eyrinn. Dæmi: Oliukaup Fiskifélagsins.

2. Mikill sigur hafi það þótt er verzlunin var gefin frjáls fyrir 60 árum. Frjálsa samkepnin hafi þá átt að vera allra meina bót. Verzlunin hafi færst inn í landið, einkum á síðustu árum. Samt hafi hún ekki orðið heilbrigð. Alt of margt fólk fengist við verzlun. Álagningin óþarflega mikil. Frjálsa samkepnin stundum orðið að þegjandi samtökum í kúgunaráttina.

3. Meinsemdin bundin við fyrirkomulagið en ekki mennina, sem að því ynnu. Kaupmannsaðstaðan skapadi á gallana.

4. Samvinnustefnan væri bjargráðið. Verzlunarahagnaðurinn lenti í höndum félagsmanna. Milliliðirnir (starfsmenn félaganna) ynnu fyrir fastákveðið og sanngjarnt kaup. Samvinnan leiddi til vöruvöndunar. En á því sviði væri sárlítið að þakka kaupmönnum. Þeirra hagnaður í álagningu, fremur en vöruvöndun. Samvinnan leiddi í ljós beztu kosti frjálsrar samkepni.

5. Landsverzlun væri óráð. Þjóðin ekki nógu þroskuð til þess. Samkepnin væri þá útilokuð með lögum. Þetta ætti við með verzlun yfirleitt. Hitt væri annað mál, að þar sem frjáls samkepni væri úr sögunni á annað borð, og einhver vörutegund fallin í

hendur einokunarhringa, þá væri ekki um annað að gera, á því sviði, en landsverzlun.

En áður heldur en hr. G. M. hafði lokið við grein sína, var Garðar Gíslason kominn á stúfana í Ísafold. Má líta svo á, að hann komi fram sem málsvari sinnar stéttar, og að þau rök sem hann hefir fram að færa, séu höfuð sóknarvopnin, sem hægt er að beita gegn samvinnustefnunni. En því meiri furðu vekur það, hve litið er eftir þegar stóryrðin eru greind frá, og rökin ein eftir skilin. Verða þau mæld og vegin í næsta kafla þessarar greinar.